

234

7. nóv.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 21. jan. 1946, um happdrætti Háskóla Íslands.

8. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur út á hverju ári 25 000 hluti í 12 flokkum. Vinningar í öllum 12 flokkum samanlögðum skulu vera 7500 og 33 aukavinningar að fjárhæð samtals kr. 4 200 000.00.

10. gr. orðist svo:

Verð heilla miða er 20 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 10 kr. og fjórðungs-miða 5 kr. Fyrir ársmiða skal greiða 240 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir, og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 240 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sendar í pósti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1933 og breytingum á þeim, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kristján Thorlacius.*

235

7. nóv.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Selfoss.

### I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.